



## Námsgrein: Myndmennt 6. bekkur

Vikustundir:

Kennari: Anna Svava Sólmundardóttir

Samstarfsfólk:

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þekki frumlitina og geti gert einfaldar litablöndur.</li> <li>Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði.</li> </ul>	Innlögn um frumliti og litablöndun og grunnform	Möppugerð. Nota grunnliti til skreytinga. Nemendur mála með frumlitum á möppuna sína og blanda saman frumlitunum. Mála grunnformin með litunum.	Við mat á verkefnum verður tekið mið af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá og skólanámskrá. Námsmat birtist á hæfnikorti nemenda. <ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgir fyrirmælum</li> <li>Umgengi</li> <li>Hegðun</li> <li>Sjálfstæð vinnubrögð</li> </ul>
1 X 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þekki hugtakið tákmynd</li> <li>Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta sér sjónræna eiginleika þegar teiknað er eftir fyrirmynd.</li> </ul>	Leikir Umræður og spurnaraðferðir	Nemendur fá fyrirmæli frá kennara að teikna ákveðinn hlut. Myndir bornar saman og ræddar. Nemendur teikna mynd samkvæmt munnlegri lýsingu bekkjarfélaga.	
1-2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þekki hugtökin sjónarhorn og uppstilling</li> </ul>	Umræður og kveikja um sjónarhorn og hvað skiptir máli.	Sjónarhorn. Nemendur teikna skóinn sinn frá mismunandi sjónarhornum. Nemendur teikna skóinn frá þremur hliðum: ofan frá, neðan frá og frá hlið.	
2x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>Geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd</li> <li>skoði mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og geti lýst einkennum hans</li> </ul>	Innlögn um listastefnuna impressjónisma. Sýnikennsla - útikennsla	Impressjónismi. Nemendur fara út og mála landslag í anda impressjónista. Skissa upp landslagið með ljósri krít fyrst. Eftir 4 vikur fara nemendur aftur út og mála aðra mynd á sama stað og taka eftir því hvernig litir hafa breyst.	

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>Geti unnið með hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li> <li>Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> </ul>	Kveikja - hvað er tvívídd og þrívídd? Nemendur beðnir um að byrja á verkefninu eftir ákveðnum fyrirmælum. Sjá þegar þrívíddin fæðist	Þrívíddarhendi – nemendur teikna eftir hendinni sinni á A4 blað. Gera síðan línur á það allt, þvert yfir blaðið nema yfir höndina þá eru línurnar bogalagaðar. Þetta er síðan litað og þá birtist höndin eins og hún sé upphleypt.	
2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>skoði mynddæmi um verk unnin í anda expressjónisma og geti lýst einkennum hans</li> <li>kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli</li> </ul>	Innlögn um expressjónisma. Rætt um einkenni myndirnar, hvernig myndbygging, línur og áferð eru notuð til að undirstrika tilfinningar. Myndefnið rætt og hvaða tilfinningar vakna við skoðun þeirra.	Expressjónismi. Nemendur velja sér ljóð eftir Davíð Stefánsson sem orti oft myndræn ljóð um fátæk og eymd og tilfinningar. Reynt að túlka þær í myndverki.	
2x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>vinni með stærðir og hlutföll</li> <li>geti sýnt fram á að stærðarhlutföll, skörun og litir hafi rýmisskapandi áhrif</li> <li>blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, s.k. blandaða tækni</li> </ul>	Innlögn um fauvisma.	Ævintýralandið. Fauvismi. Nemendur skapa sitt eigið ævintýraland og nota sterka liti í anda fauvisma.	
2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði.</li> <li>Að nemendur fái tækifæri að teikna og gera tilraunir út frá kveikju.</li> <li>Þekki hugtökin jákvætt og neikvætt rými</li> <li>Kynnist mismundandi aðferðum listamanna við sköpun</li> </ul>	Upplýsingatækni, iPad vinna, hópavinna	Skuggamynd og skuggamyndband í anda Lotte Reininger. Nemendur klippa út persónur og hluti úr svörtum pappír og taka upp hreyfimynd (stopmotion) í iPad	



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.</li> <li>• Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.</li> <li>• Mótun þrívíddarverks</li> <li>• Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð líta- og formfræði.</li> <li>• Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu, rannsóknum og reynslu.</li> </ul>	Umræður um leir, meðhöndlun og mótun.	Leir. Nemendur leira í tengslum við námsefnið. Nánar síðar.	
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Byggja eigin listsköpun á ímyndunarafli sínu</li> <li>▪ Að öðlast leikni í að teikna áreynslulaust, ósjálfrátt og óundirbúið án fyrirfram ákveðinnar niðurstöðu.</li> </ul>	Kynning á hugtökum ímyndunarafl, sköpun, hugmynd, tjáning og frumlegt	Dútl og nostur. Nemendur nota ímyndunaraflið í að teikna á undirbúnings og án fyrirmyndar.	
1 x 80 mín	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Að auka eftirtekt nemenda eftir efniviði fyrir hugmyndir að teikningum í hversdagslegu umhverfi</li> <li>▪ Að nýta óhlutbundnar myndir sem kveikju að frumlegri hlutbundinni teikningu.</li> <li>▪ Byggja eigin listsköpun á ímyndunarafli sínu</li> <li>▪ Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.</li> </ul>	Umræður um hvernig við horfum í kringum okkur. Ef við rýnum betur og notum ímyndunaraflið má sjá ýmislegt í óhlutbundnum myndum eins og í skýjum, blettóttum húsveggjum og í náttúrunni.	Myndhvörf. Nemendur sletta kaffi á blað og láta þorna. Síðan finna þau myndir (hluti) í mynstrinu og teikna útlínur þess og skreyta.	

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á [mentor.is](http://mentor.is) undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.